

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar, nr. 238/2014, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 13. gr. samþykktarinnar kemur ný grein 13. gr. a, svohljóðandi:

*Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.*

Bæjarfulltrúum/nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundum með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu Mosfellsbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 7. desember 2021.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

*Hafðís Gísladóttir.*